

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið 27. apríl 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

ERINDISBRÉF

fyrir skólanefndir grunnskóla.

I. KAFLI

Skipan skólanefnda og meginhlutverk.

1. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd, sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla. Í Reykjavík fer fræðsluráð með hlutverk skólanefndar.

2. gr.

Skólanefnd fer í umboði sveitarstjórna með málefni grunnskóla í skólahverfi sínu eftir því sem nánar greinir í erindisbréfi þessu, lögum og reglugerðum.

Heimilt er sveitarstjórn að fela skólanefnd grunnskóla að fara einnig með mál varðandi aðra fræðslustarfsemi í skólahverfinu enda komi til samþykki mennta-, málaráðuneytisins.

3. gr.

Skólanefnd skal sjá svo um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu.

Í störfum sínum ber skólanefnd einnig að sjá um að allir nemendur á skyldunámsstigi hljóti sem besta aðstöðu og jöfnust tækifæri til náms og að skólinn veiti sérhverjum nemanda fræðslu eftir aldri sínum og þroska og í samræmi við gildandi námsskrá á hverjum tíma.

4. gr.

Í upphafi kjörtímabils, sem er fjögur ár, kýs skólanefnd sér formann úr sínum hópi, ennfremur varaformann og ritara.

Sé skólanefnd skipuð 7 mönnum eða fleiri getur hún falið formanni og tveimur öðrum skólanefndarmönnum að fara með umboð sitt milli funda enda séu allir nefndarmenn því samþykkir. Allar meiri háttar ákvarðanir verða þó að koma fyrir löglega boðaðan fund og hljóta þar samþykki.

II. KAFLI

Fundir skólanefnda og starfshættir.

5. gr.

Formaður skólanefndar kveður til fundar svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Skylt er að verða við tilmælum fræðslustjóra eða skólustjóra um fund í skólanefnd enda sé fundarefni tilgreint. Einnig ber að kveðja til fundar ef a. m. k. þriðjungur aðalmanna í skólanefnd æskir þess.

6. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir skólanefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir, er seturétt eiga á skólanefndarfundum, verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar skólanefndar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri ef enginn skólanefndarmanna mælir því í gegn.

7. gr.

Skólanefnd getur enga ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Skólanefndarmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan og skal hann í slíkum tilvikum vikja fyrir varamanni.

8. gr.

Skólanefndarmaður hefur einungis atkvæðisrétt í þeim málum er varða þá skóla eða skólaeiningar sem sveitarfélag hans er þátttakandi í.

9. gr.

Rita skal í fundargerðabók allar tillögur sem fram eru bornar, svo og samþykktir og ályktanir skólanefndar, og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina.

10. gr.

Fundargerðabók, afrit af skýrslum, sendibréfum og skjölum skólanefndar, svo og skólalög, reglugerðir og erindisbréf, skulu vera tiltæk á öruggum stað. Þá skal formaður skólanefndar sjá um að afrit af fundargerðum skólanefndar séu send menntamálaráðuneytinu, sveitarstjórn og fræðsluráði sem hefur eftirlit með störfum hennar, sbr. 12. gr., 3. tl., grunnskólalaga.

Allir þeir, sem hafa seturétt á fundi skólanefndar, eiga einnig rétt á að fá afrit af öllum fundargerðum hennar.

11. gr.

Auk skólanefndarmanna eiga eftirtaldir menn rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétti:

- a) skólastjóri eða yfirkennari í forföllum skólastjóra,
- b) kennarafulltrúar sem kosnir eru úr hópi fastra kennara í skólahverfinu,
- c) starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í viðkomandi fræðsluumdæmi,
- d) skólafulltrúi,
- e) fræðslustjóri,

og skulu þeir jafnan boðaðir á fund og kynnt dagskrá hans fyrirfram.

Ákvæði a- og c-liða taka ekki til Reykjavíkur en þar heldur fræðsluráð (skólanefnd) fundi með skólastjórum grunnskóla a. m. k. þrisvar á skólaári.

III. KAFLI**Skólaskylda og skólasókn.****12. gr.**

Grunnskóli er fyrir börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára. Helstu frávík eru:

- a) foreldrar eða forráðamaður geta sótt um eða samþykkt að skólaganga barns hefjist ári fyrr eða síðar en grunnskólalögin gera ráð fyrir sem almennri reglu,
- b) foreldrar eða forráðamaður geta sótt um heimild til þess að barn þeirra hverfi frá grunnskólanámi að loknum 8. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnu-

lífi og lýkur þá nemandi grunnskólanámi þeim mun síðar, sbr. 49. gr. grunnskólalaga,

- c) nemandi, sem nær góðum árangri í námi, getur lokið skyldunámi á 8 árum eða jafnvel enn skemmri tíma og flust á framhaldsskólastig telji skólastjóri, skóla-sálfræðingur og aðalkennari nemandann hafa til þess nægan þroska enda komi til samþykki forráðamanna,
- d) menntamálaráðuneytinu er heimilt að lengja skólaskyldu um eitt eða tvö ár hjá nemendum sem sækja sérkennslustofnanir.

Skólanefnd skal hlutast til um að farið sé eftir gildandi lögum um ofangreind atriði og leitað sé umsagnar eða meðmæla aðila.

13. gr.

Undanþegin frá því að sækja grunnskóla eru:

- a) börn sem sækja viðurkennda einkaskóla,
- b) börn sem fræðslustjóri hefur veitt tímabundna undanþágu frá skólasókn enda hafi verið leitað umsagnar skólanefndar og skólastjóra.

14. gr.

Þyki skólanefnd ástæða til getur hún auglýst fyrir hvaða tíma beiðnir um undanþágu frá skólaskyldu skuli sendar henni og er henni eigi skylt að taka umsóknir til greina sem kunna að berast eftir auglýstan tíma. Skólanefnd og skólastjóri fjalla um beiðni um undanþágu og senda tillögur sínar til fræðslustjóra.

15. gr.

Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns ber skólastjóra að gera skólanefnd aðvart og jafnframt tilkynna fræðslustjóra um málið.

16. gr.

Skólanefnd ber að hafa skrá yfir alla skólaskylda nemendur í skólahverfinu. Skólastjóra er skylt að láta henni í té skrá yfir nemendur skólans óski skólanefnd-in þess.

17. gr.

Þegar nemandi á skólaskyldualdri er komið fyrir í öðru skólahverfi af barnaverndarnefnd eða öðrum aðila skulu þeir tilkynna það viðkomandi skólanefndum og skólum. Jafnframt ber ofangreindum aðilum að veita þeim skóla, er tekur við nemandanum, sem bestar upplýsingar um nám hans og þroska og þær ástæður sem til þess liggja að hann skipti um skólahverfi. Farið skal með allar slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Skóli, sem tekur við slíkum nemandi, skal kappkosta að veita honum kennslu við hans hæfi. Treystist skólinn ekki til þess ber að tilkynna það fræðslustjóra þess fræðsluumdæmis sem nemandinn dvelur í og tekur hann þá málið til meðferðar.

18. gr.

Skólastjóri getur vísað nemandi úr skóla um stundarsakir enda tilkynni hann forráðamönnum nemandi, skólanefnd og fræðslustjóra tafarlaust þá ákvörðun. Fræðslustjóri tekur þá málið til meðferðar í samráði við skólastjóra, skólanefnd og sálfræðipjónustu. Sjá ennfreður reglugerð nr. 512/1975 um skólareglur o.fl. í grunnskóla.

IV. KAFLI

Starfsfólk grunnskóla.

19. gr.

Nú losnar skólastjóra-, yfirkennara- eða kennarastaða við skóla eða þörf er á viðbótarkennara sem skólinn á rétt á og skal skólanefnd þá tilkynna fræðslustjóra það strax en hann gerir viðeigandi ráðstafanir.

Jafnframt getur skólanefnd í samráði við fræðslustjóra auglýst á eigin vegum lausar stöður við skóla.

20. gr.

Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um skólastjóra-, yfirkennara- og kennarastöður. Að loknum umsóknarfresti skal skólanefnd halda fund svo fljótt sem auðið er og senda síðan fræðslustjóra allar umsóknir ásamt tillögum og umsögnum sínum um val kennara.

Skýlt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, og fræðslustjóra, ef um skólastjóra er að ræða. Verði ágreiningur innan skólanefndar eða milli skólanefndar og skólastjóra getur hver aðili um sig gert tillögur til fræðslustjóra og skal fylgja þeim rökstutt álit.

Menntamálaráðuneytið sker úr ágreiningi milli skólanefndar og fræðslustjóra.

Stefnt skal að því að skipun og setning í skólastjóra-, yfirkennara- og kennarastöður geti farið fram eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

21. gr.

Skólanefnd skal, þegar fjöldi umsókna leyfir, mæla með tveimur umsækjendum, fyrst aðalmanni og öðrum til vara fyrir hverja kennarastöðu sem auglýst hefur verið.

22. gr.

Skólanefnd mælir með þeim umsækjendum um skólastjóra-, yfirkennara eða kennarastöðu sem fullnægja kröfum grunnskólalaga til þess að verða skipaðir kennarar svo fremi að nægar umsóknir berist frá mönnum með ótvíræð kennararéttindi og að ekki séu augljósir meinbugir á. Sömu sjónarmið gilda einnig um ráðningu stunda- og forfallakennara.

23. gr.

Skólanefnd, skólastjóri og kennararáð skulu láta menntamálaráðuneytinu í té umsagnir varðandi umsóknir um stöðu yfirkennara. Verði þessir aðilar sammála um að mæla með ákveðnum umsækjanda er ráðuneytinu skýlt að fara eftir því.

Starfi grunnskóli á tveimur eða fleiri stöðum innan skólahverfisins er menntamálaráðuneytinu heimilt, að fenginni tillögu skólanefndar, að ráða yfirkennara í skólahverfið þótt forsendum um fjölda kennara (10 kennarar eða fleiri í fullu starfi) sé ekki fullnægt.

24. gr.

Skólastjóri ræður stunda- og forfallakennara grunnskóla með samþykki skólanefndar svo og aðstoðarfólk í mótuneyti.

Sveitarstjórn ræður gæslufólk í heimavistum að fenginni tillögu skólanefndar og skólastjóra.

25. gr.

Skólabryti er ríkisstarfsmaður, ráðinn, settur eða skipaður af menntamálaráðuneytinu eftir tillögum skólastjóra og skólanefndar.

Skólanefnd er heimilt að setja skilyrði um menntun eða starfsþjálfun skólabryta. Skýlt er skólanefnd að auglýsa starfið áður en skipun fer fram.

26. gr.

Láti skólastjóri, kennari eða annar fastur starfsmaður grunnskóla af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk skal hann tilkynna það skriflega til skólanefndar og næsta yfirmanns síns fyrir 1. febrúar, svo og þeir kennarar sem æskja leyfis frá störfum án launa.

Forfallist skólastjóri grunnskóla lengur en tvo mánuði og sé enginn yfirkennari starfandi við skólann gerir skólanefnd í samráði við skólastjóra og fræðslustjóra tillögu til ráðuneytis um ráðningu í starfið þann tíma sem skólastjóri er forfallaður.

27. gr.

Fyrir lok kennslutímans ár hvert skal skólanefnd kynna sér hvort settur skólastjóri, settur kennari eða lausráðinn starfsmaður við skólann hafi hug á að vera áfram í stöðu sinni. Æski hann að halda stöðu sinni og skólanefnd fellst á það ber henni að tilkynna það fræðslustjóra eða sveitarstjórn eftir því sem við á.

Telji skólanefnd rétt að auglýsa stöðu sem ekki er fastráðið í ber henni að tilkynna viðkomandi starfsmanni það eigi síðar en í lok árlegs kennslutíma skólans. Stundakennarar eru aðeins ráðnir yfir kennslutímann frá ári til árs en ráðning endurnýjast hafi hvorugur aðili tilkynnt annað fyrir 1. júní.

28. gr.

Skólastjóri eða kennari við grunnskóla getur farið fram á skipun í stöðu sína eftir eitt ár nema um stöðu við heimavistarskóla sé að ræða þá skal ekki skipa í stöðuna fyrr en eftir tveggja ára setningu.

Sé skólanefnd meðmælt skipun skólastjóra eða kennara í starf tilkynni hún fræðslustjóra það.

Óski skólanefnd hins vegar eftir að skólastjóri eða kennari verði settur áfram í stöðu sína eða staðan auglýst laus til umsóknar skal hún gera fræðslustjóra grein fyrir því.

29. gr.

Skólanefndum er heimilt með samþykki menntamálaráðuneytisins að ráða í einni eða fleiri kennslugreinum kennara fyrir tvo eða fleiri grunnskóla samtímis til þess að fullnægja kennsluþörf ef ekki er fullt verkefni fyrir hann við einn skóla.

30. gr.

Heimilt er skólanefnd eða fleiri skólanefndum sameiginlega með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar að ráða sér starfsmann, skólafulltrúa. Skólanefnd (skólanefndir) setur skólafulltrúa erindisbréf. Um embættisgengi skólafulltrúa gilda sömu reglur og um fræðslustjóra. Kostnaður við störf skólafulltrúa greiðist úr sveitar-sjóði (sveitarsjóðum) skv. 17. gr., 3. mgr. grunnskólalaga.

31. gr.

Sveitarstjórn ræður húsvörð við grunnskóla ef hún telur þörf á. Skal hann ráðinn að fenginni tillögu skólanefndar og skólastjóra.

Sveitarstjórn getur falið skólastjóra og skólanefnd að setja húsverði erindisbréf.

Að öðru leyti ræður sveitarstjórn starfsfólk grunnskóla nema annað sé sérstaklega fram tekið í lögum um grunnskóla eða erindisbréfi þessu.

32. gr.

Skólanefnd getur gert tillögu um að ráða fósturu eða fóstura að forskóla eða annan starfsmann með viðurkenndu menntun sem henta þykir ef skólastjóri mælir með því. Sama máli gegnir um störf við gæslu í heimavistarskóla.

Kennari, sem hlotið hefur viðurkennda viðbótarmenntun fyrir forskólakennara, skal þó ganga fyrir um rétt til starfsins.

V. KAFLI

Starfstími grunnskóla o. fl.

33. gr.

Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera 7—9 mánuðir á ári samkvæmt nánari ákvörðun skólanefndar. Skólaárið skal, þegar miðað er við hámarkskennslutíma, hefjast sem næst 1. september og ljúka sem næst 31. maí skv. reglugerð nr. 79/1976 um starfstíma grunnskóla. Innan þessa ramma getur skólanefnd ennfremur, að fengnum meðmælum fræðsluráðs og fræðslustjóra, ákveðið í upphafi skólaárs að kennsla hefjist á tímabilinu 15. september til 1. október og verði þá árlegur skólatími að lágmarki sem hér segir:

a) í 1.—3. bekk í 7 mánuði,

b) í 4.—9. bekk í 7 1/2 mánuð.

Skólanefnd, í samráði við fræðsluráð, ákveður einnig í upphafi skólaárs hvort í skólahverfinu skuli vera 5 eða 6 daga skólavika.

Æski skólanefnd að hluta námsskyldu barna í 1.—6. bekk sé fullnægt með sumarskóla getur fræðsluráð, að fenginni umsögn fræðslustjóra, heimilað að allt að fjórðungur kennslunnar fari fram með þeim hætti.

34. gr.

Skólanefnd hefur ekki bein afskipti af sjálfu kennslustarfinu í grunnskóla, stundaskrá, námsefni eða verkaskiptingu milli kennara; þó getur skólanefnd með samþykki sveitarstjórnar ákveðið aukningu kennslumagns umfram viðmiðunarstundaskrá, sbr. þó 44. gr., 1. mgr., grunnskólalaga, enda greiði sveitarfélagið aukninguna. Hins vegar ber henni að fylgjast með störfum grunnskólans eftir föngum í samráði við skólastjóra og gera fræðslustjóra aðvart ef um alvarlegar misfellur er að ræða að hennar mati.

Þá skal skólanefnd sjá um að skóli starfi tilskilinn tíma ár hvert. Nái skóli ekki árlegum kennslutíma skal skólanefnd gera fræðslustjóra grein fyrir orsökum þess.

35. gr.

Grunnskóla má skipta í einingar, tvær eða fleiri, eftir því sem menntamálaráðuneytið ákveður að fengnum tillögum fræðsluráðs. Þá má og koma á fót útibúum frá aðalskóla skólahverfis fyrir 7—10 ára börn þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið. Telji skólanefnd æskilegt að hafa annan hvorn þennan háttinn á skal hún gera um það tillögur til fræðsluráðs ásamt greinargerð um málið.

VI. KAFLI

Húsnæði grunnskóla.

36. gr.

Skólanefnd sér um að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi skólahúsnæði í skólahverfinu og kappkostar að það henti skólastarfinu sem best.

Þá lítur skólanefndin eftir því að húsnæðið fullnægi þeim reglum um hollustu-hætti sem heilbrigðisyfirvöld setja.

37. gr.

Skólanefnd sér um að leigja skólahúsnæði til skólastarfa sé þess þörf en áskilið er samþykki sveitarstjórnar á leigumálanum.

Einnig ber skólanefnd að líta eftir því að skólahúsnæðið sé tilbúið til kennslu áður en skólastarf hefst ár hvert.

38. gr.

Skólanefnd skal gera sveitarstjórn, fræðslustjóra og fræðsluráði í fræðslu-umdæminu aðvart í tæka tíð ef hún óttast að fullnægjandi skólahúsnæði verði ekki tiltækt í upphafi skólaárs og ber þá sveitarstjórn(um) að leita viðunandi úrræða.

39. gr.

Berist skólanefnd skriflegar aðfinnslur varðandi skólahúsnæði eða annan aðbúnað skólans frá foreldrum, nemendum, kennurum eða skólastjóra þá er henni skylt að senda sveitarstjórn, fræðsluráði og fræðslustjóra afrit af bréfinu ásamt umsögn sinni um málið.

40. gr.

Skólanefnd gerir, ef henni þykir ástæða til, tillögur til sveitarstjórnar um list-skreytingu skólamannvirkja, sjá 27. gr. laga um grunnskóla.

41. gr.

Skólanefnd hlutast til um í samráði við skólastjóra að sveitarstjórn annist nauðsynlegt viðhald skólahúsnæðis. Fer um þetta atriði eftir þeim reglum er menntamálaráðuneytið setur.

42. gr.

Sé þörf á nýbyggingu, viðbyggingu eða gagngerum endurbótum skóla gerir skólanefnd sveitarstjórn og fræðslustjóra aðvart um það og leggur fram tillögur til úrbóta. Skólanefnd ber að leita álits skólastjóra um þessi atriði.

Sveitarstjórnir skulu hafa samráð við hlutaðeigandi skólanefnd um hvaða sérfræðingar annist hönnun skólabygginga, þ. e. undirbúning, vinnu og áætlanagerð, þar með gerð uppdráttar.

Ef sveitarfélag óskar eftir að gert sé ráð fyrir aðstöðu til félagsstarfsemi almennings eða til annars slíks í skólahúsnæði eða í tengslum við það er það heimilt enda liggi fyrir umsögn skólanefndar og samþykki menntamálaráðuneytis.

43. gr.

Skólanefnd gerir tillögur um nafngift skóla en endanleg ákvörðun er háð samþykki menntamálaráðuneytisins að fenginni umsögn örnefnanefndar.

44. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, þ. m. t. íþróttamannvirki sem byggð eru sem skólahúsnæði og eru sameign ríkis og sveitarfélaga, skulu vera í höndum skólanefndar og skólastjóra sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis. Skólastjóri hefur umráð skólahúsnæðis að því er tekur til þarfa skólahalds samkvæmt lögum og námsskrá. Hann hefur umsjón og eftirlit með að hitun, lýsing og ræsting sé í lagi.

Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt má þó eigi brjóta í bága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðis samkvæmt lögum og ætíð skal hafa samráð við skólastjóra um slíka ráðstöfun.

Skólanefnd getur heimilað, að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis, að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingarekstrar.

45. gr.

Skólanefnd skal líta eftir að skólinn hafi alla nauðsynlega aðstöðu og búnað, svo sem heimavistar- og dagvistaraðstöðu þar sem þess gerist þörf, skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni.

Í samráði við skólastjóra og fræðslustjóra sér hún um að framkvæmd séu ákvæði laga og reglugerða á þessu sviði og að viðhald og aukning eigi sér stað eftir þörfum, sbr. 19. og 28. gr. grunnskólalaga.

Skólastjóri skal láta skólanefnd og fræðslustjóra í té skrá yfir kennslutæki skólans og árlegar breytingar sem þar kunna að verða á.

VII. KAFLI

Námsgögn og skólasöfn.

46. gr.

Í tæka tíð skal skólanefnd eða skólastjóri fyrir hennar hönd senda Ríkisútgáfu námsbóka skrá um þær námsbækur sem talið er að þurfi næstkomandi skólaár til úthlutunar meðal skólaskyldra nemenda í skólahverfinu.

47. gr.

Eftir því sem þörf krefur sér skólanefnd um, í samráði við skólastjóra, að jafnan séu fyrir hendi nauðsynlegar bækur, ritföng, kennsluáhöld, handavinnuefni og annað sem þarf til skólastarfsins.

48. gr.

Skólanefnd vinnur að því að þannig sé búið að skólasafni að því er varðar húsnaði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið að það geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð um skólasöfn.

VIII. KAFLI

Forskólar og einkaskólar.

49. gr.

Skólanefnd annast málefni forskóla í umboði sveitarstjórnar enda hafi sveitarstjórn fengið samþykki menntamálaráðuneytisins til þess að hafa forskóla. Heimilt er að nota skólahúsnæði grunnskóla til forskólahalds.

50. gr.

Skólanefnd skal ganga eftir því að þeir einstaklingar eða stofnanir, sem halda forskóla eða skóla fyrir skólaskyld börn, sendi henni fullnægjandi skýrslu um húsakynni skólans, hollustuhætti og námsárangur nemenda, svo og skrá yfir starfsfólk skólans.

Þá skal forstöðumaður slíks skóla senda hlutaðeigandi skólanefndum nemendaskrá fyrir upphaf hvers skólaárs og jafnframt tilkynna allar breytingar á henni jafnóðum og þær verða.

IX. KAFLI

Fjármál og skýrslugerð.

51. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál, reikningshald og greiðslur vegna grunnskóla en geta falið skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu með samþykki fræðslustjóra.

Reikningsár skólanna miðast við almanaksár.

52. gr.

Formaður skólanefndar eða sérstakur reikningshaldari áritar alla reikninga skólans.

53. gr.

Skólastjóri skal árlega gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, kennslustundafjölda og annan rekstrarkostnað ríkissjóðs og sveitarsjóðs.

Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd. Skal hún að því er fjármál varðar hljóta samþykki sveitarstjórnar en sendast fræðslustjóra fyrir 15. apríl ár hvert eða annan þann dag sem menntamálaráðuneytið ákveður.

54. gr.

Í skólahverfum, þar sem starfræktir eru tveir eða fleiri grunnskólar, annast skólanefnd skiptingu kennslustunda milli þeirra.

Séu kennslustundir og aðrar starfsstundir við skóla með samþykki skólanefndar og sveitarstjórnar fleiri en samrýmist ákvæðum grunnskólalaga eða sérstakri heimild menntamálaráðuneytisins greiðist kostnaður þeirra úr sveitarsjóði.

55. gr.

Skólanefnd hlutast til um að í daglegum og vikulegum akstri skólabarna sé farið eftir gildandi fyrirmælum og reglum í þeim efnum. Hún skal sjá svo um að aksturstími hvers nemanda sé ekki að jafnaði lengri en 90 mín. hvern dag, akstursleið nemanda að hámarki 60 km á dag og biðtími nemanda sé ekki lengri en 90 mín. eftir að kennslu lýkur enda hafi verið komið upp dagvistaraðstöðu fyrir nemendur við skólann.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum þessum ef sérstakar ástæður krefjast þess að mati skólanefndar enda komi samþykki fræðslustjóra til.

Sveitarstjórn getur falið skólastjóra að skipuleggja akstur skólabarna.

X. KAFLI**Önnur ákvæði.****56. gr.**

Skólanefnd leitar aðstoðar og leiðbeininga hjá fræðsluskrifstofu eftir því sem hún telur ástæðu til.

Skólanefnd ber að láta fræðsluskrifstofu í té þær upplýsingar og þá aðstoð sem hún kann að óska eftir til þess að geta fylgst sem best með framkvæmd skólahalds í skólahverfinu.

57. gr.

Þar sem kennslu grunnskóla lýkur í 7. bekk eða fyrr geta skólanefnd og skólastjóri óskað eftir að sérstakt eftirlit sé haft með námsmati í lokabekk skólans.

Kostnaður við slíkt námsmat greiðist að jöfnu úr ríkis- og sveitarsjóði.

XI. KAFLI**Meðferð ágreiningsmála.****58. gr.**

Ef skólastjóra og kennararáð greinir á um meðferð tiltekins máls skal ágreinungi vísað til skólanefndar sem reynir að koma á samkomulagi.

Takist ekki samkomulag má vísa málinu til fræðslustjóra er fellir úrskurð um það. Ákvörðun skólastjóra gildir uns úrskurður fræðslustjóra liggur fyrir nema samkomulag hafi orðið um annað.

59. gr.

Telji skólastjóri að kennari hafi gerst brotlegur í starfi getur hann vísað málinu til skólanefndar sem beinir því sem skjótast til fræðslustjóra ásamt nauðsynlegum upplýsingum.

Sama gildir telji kennari að skólastjóri hafi gerst brotlegur í starfi.

Nú telur fræðslustjóri að aðgerðir í málinu þoli enga bið og getur hann þá gert tafarlaugar ráðstafanir til úrbóta um stundarsakir. Jafnframt gefur hann þegar í stað skýrslu til menntamálaráðuneytisins sem tekur ákvörðun í málinu.

Telji foreldrar eða forráðamenn barna að skólastjóri eða kennari hafi gerst brotlegur við grunnskólalög eða reglugerðir samkvæmt þeim fer um málið eins og segir í 1. mgr.

60. gr.

Verði ágreiningur út af erindisbréfi þessu sker menntamálaráðuneytið úr.

XII. KAFLI

Gildistaka.

61. gr.

Erindisbréf þetta, sem sett er samkvæmt lögum nr. 63/1974 um grunnskóla, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem fræðslustjóri er ekki enn starfandi samkvæmt grunnskólalögum nr. 63/1974, fer menntamálaráðuneytið með þau störf sem honum eru ætluð í erindisbréfi þessu.

Menntamálaráðuneytið, 30. apríl 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

6. maí 1976.

Nr. 186.

REGLUGERÐ

um meinataekna.

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem meinataeknir hér á landi og kalla sig meinataekni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Löggildingu samkvæmt 1. grein skal veita íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá Meinataeknaskóla Íslands eða öðru prófi, sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna.

3. gr.

Takmörkuð og/eða tímabundin starfsréttindi má einnig veita þeim, sem eru í starf þegar reglugerð þessi öðlast gildi, en uppfylla ekki skilyrði 2. gr. um viðurkennd próf. Skilyrði fyrir almennu atvinnuleyfi hér á landi skulu ávallt vera uppfyllt.